



Matís ohf.

Ársreikningur 2019

Matís ohf.
670906-0190
Vínlandsleið 12
108 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Efnahagsreikningur	8
Áritun ríkisendurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	10
Áritun óháðs endurskoðenda	5	Skýringar	11
Rekstrarreikningur	7		

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn

Félagið var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Matís er þekkingar- og rannsóknafyrirtæki og sinnir umfangsmiklum rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, matvælaöryggis og lýðheilsu. Matís vinnur markvisst að því að auka verðmætasköpun, efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs og nýsköpunarhæfni Íslands. Starfsemi Matís er fjármögnuð af þjónustusamningi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR), verkefnum fyrir ýmsar aðrar opinberar stofnanir og eftirlitsaðila, ráðgjafaverkefnum, þjónustumælingum og rannsóknar- nýsköpunarverkefnum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Matís er með starfssemi víðsvegar um Ísland og skiptist kjarnastarfsemi fyrirtækisins í þrjú svið, rannsóknir og nýsköpun, mæliþjónusta og innviðir og rekstrarsvið.

Hagnaður varð af rekstri félagsins fyrir árið 2019 að fjárhæð kr. 14,1 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember námu heildareignir félagsins kr.928,6 milljónum og bókfært eigið fé nam kr. 262,9 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi. Ársverk hjá Matís á árinu 2019 voru 97,4 þar af konur 58,2 og karlar 39,2.

Í stjórn félagsins eru sjö stjórnarmenn og þar af þrjár konur. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2020 vegna ársins 2019, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutfé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkissjóðs

Stjórn félagsins og forstjóri staðfesta hér með ársreikninginn fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5.08.2020

Í stjórn Matís ohf:

Hákon Stefánsson



Sigrún Traustadóttir


Sigmundur Einar Ófeigsson




Sindri Sigurðsson



Drífa Kristín Sigurðardóttir




Arnar Árnason



Helga Sigurós Valgeirsdóttir

Forstjóri:



Oddur Már Gunnarsson

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun,

7 ágúst 2020

Skúli Eggert Þórðarsson

Skúli Eggert Þórðarsson

ríkisendurskoðandi



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Matís ohf. 31. desember 2019, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Matís ohf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun ríkisendurskoðanda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 10.8.2020

Hinrik Þór Harðarson

Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi



Rekstrarreikningur fyrir árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta	3	1.673.429.064	1.563.676.426
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	4	1.035.048.839	1.033.960.330
Annar rekstrarkostnaður	5	567.363.804	520.087.301
Afskriftir	7,8	50.151.565	66.158.515
		<u>1.652.564.208</u>	<u>1.620.206.146</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		20.864.856	(56.529.720)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(3.208.393)	10.801.408
Rekstrarhagnaður fyrir tekjuskatt		17.656.463	(45.728.312)
Tekjuskattur	11	(3.534.793)	9.142.242
Hagnaður ársins		<u>14.121.670</u>	<u>(36.586.070)</u>
EBITDA		<u>71.016.421</u>	<u>9.628.795</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir		
		Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Hugbúnaður			8.558.507	12.358.016
	7		8.558.507	12.358.016
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Rannsóknartæki			139.150.442	172.378.145
Áhöld og tæki			3.031.510	259.654
Innréttingar			3.374.945	3.151.469
	8		145.556.897	175.789.267
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í dótturfélögum			1.000.000	1.000.000
Eignarhlutir í öðrum félögum			820.000	820.000
Tekjuskattsinneign	11		1.397.914	2.217.730
			3.217.914	4.037.730
Fastafjármunir			157.333.318	192.185.013
Veltufjármunir:				
Vörslusjóður vegna verkefna			84.751.155	66.736.131
Viðskiptakröfur, almennar	9		125.537.009	82.780.251
Viðskiptakröfur vegna verkefna í vinnslu			355.761.087	277.979.531
Fyrirframgreiddur kostnaður			490.938	798.362
Aðrar skammtímakröfur			0	1.785.442
Handbært fé			204.767.253	151.831.049
Veltufjármunir			771.307.442	581.910.766
Eignir samtals			928.640.760	774.095.779

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé:			
Hlutfé		150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur		4.948.160	4.948.160
Lögbundinn varasjóður		2.328.960	916.793
Óráðstafað eigið fé		105.633.311	92.006.847
Eigið fé samtals	10	262.910.431	247.871.800
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	11	0	0
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		73.385.188	85.622.364
Fyrirfram innheimtar tekjur	12	334.151.515	215.906.597
Vörslusjóður verkefna	13	84.751.155	66.736.131
Aðrar skammtímaskuldir	14	173.442.469	157.958.886
		665.730.327	526.223.978
Skuldir og skuldbindingar samtals		665.730.327	526.223.978
Eigið fé og skuldir samtals		928.640.760	774.095.779

Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar:			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		14.121.670	(36.586.070)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		50.151.567	66.158.515
Breyting á áunnu orlofi	(	3.944.260)	(1.143.268)
Framlag í afskriftareikn. viðskiptakrafna		0	3.788.507
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	(	2.435.127)	5.622.473
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu		0	(6.924.512)
Breyting á tekjuskattsinneign		819.816	(2.217.730)
Leiðrétting eigin fjár 1/1		916.961	
		<u>59.630.627</u>	<u>28.697.915</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur	(	120.538.313)	10.444.542
Vörslusjóður verkefna	(	18.015.024)	(43.868.057)
Aðrar skammtímakröfur		2.092.866	(846.779)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir	(	12.237.176)	51.195.621
Vörslusjóður verkefna		18.015.024	43.868.057
Fyrirframinnheimtar tekjur		118.244.918	(4.554.767)
Aðrar skammtímaskuldir		21.862.970	(20.939.426)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>9.425.265</u>	<u>35.299.191</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>69.055.892</u>	<u>63.997.106</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(	16.119.687)	(92.614.967)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		0	(3.866.060)
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>16.119.687</u>	<u>(96.481.027)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) handbæru fé		<u>52.936.205</u>	<u>(32.483.921)</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>151.831.049</u>	<u>184.314.969</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u><u>204.767.253</u></u>	<u><u>151.831.049</u></u>

Reikningsskilaaðferðir

1. Félagið

Matís ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og var stofnað á grundvelli laga nr. 68 frá 2006, lög um stofnun Matvælarannsóknna hf. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og reka aðra skylda starfsemi. Höfuðstöðvar þess eru að Vínlandsleið 12 í Reykjavík. Matís er jafnframt með fjórar starfstöðvar úti á landi, á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupsstað og í Vestmannaeyjum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

b. Matsaðferðir

Viðskiptakröfur og verkefni í vinnslu eru eignfærð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Matið er framkvæmt af stjórnendum Matís. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum Matís.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

d. Innlaun tekna

Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdagi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

e. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknatæki	3 - 5 ár
Áhöld og tæki	3 - 4 ár
Innréttingar	5 ár

g. Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

i. Tekjuskattsinneign/(skuldbinding)

Tekjuskattsinneign/(skuldbinding) er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

j. Skuldbindingar

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, svo sem vegna veikindaréttar og fleira eru ekki færðar í reikning félagsins.

k. Til tengdra aðila teljast dótturfélög, starfsmenn og stjórn.

3. Seld þjónusta greinist þannig:

	2019	2018
Þjónustusamni. við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	399.500.004	450.099.996
Erlendir sjóðir og fyrirtæki	547.739.970	404.522.184
Innlendir sjóðir og opinberir aðilar	407.192.964	399.703.871
Innlend fyrirtæki og aðrar tekjur	318.996.126	309.350.375
	<u>1.673.429.064</u>	<u>1.563.676.426</u>

Skýringar, frh.:

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2019	2018	
Laun	834.563.913	833.582.205	
Launatengd gjöld	200.484.926	200.378.125	
	1.035.048.839	1.033.960.330	
Starfsmenn, ársverk	97,4	103,7	
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu á árinu í millj. kr.	36,7	31,4	
5. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Beinn rekstarkostnaður við verkefni án launakostnaðar	237.172.940	186.631.967	
Rekstur húsnæðis	181.490.771	179.975.299	
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	148.700.094	153.480.034	
	567.363.804	520.087.301	
6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:			
Fjármunatekjur	2.621.475	3.809.593	
Fjármagnsgjöld	(1.618.452)	(86.234)	
Gengismunur	(4.211.416)	7.078.049	
	(3.208.393)	10.801.408	
7. Óefnislegar eignir greinast þannig:			
	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð í byrjun árs	213.537	28.164.078	28.377.615
Keypt á árinu	0	0	0
Heildarverð í lok árs	213.537	28.164.078	28.377.615
Afskrifað í byrjun árs	213.537	15.806.065	16.019.602
Afskrifað á árinu	0	3.799.506	3.799.506
Afskrifað í lok árs	213.537	19.605.571	19.819.108
Bókfært verð í lok árs	0	8.558.507	8.558.507
Afskriftahlutföll	25%	20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í byrjun árs	766.303.432	12.691.649	8.958.729	787.953.810
Keypt á árinu	11.443.757	1.361.814	3.314.116	16.119.687
Heildarverð í lok árs	777.747.189	14.053.463	12.272.845	804.073.497
Afskrifað í byrjun árs	593.925.283	9.540.183	8.699.075	612.164.541
Afskrifað á árinu	44.671.464	1.138.335	542.260	46.352.059
Afskrifað í lok árs	638.596.747	10.678.518	9.241.335	658.516.600
Bókfært verð í lok árs	139.150.442	3.374.945	3.031.510	145.556.897
Afskriftahlutföll	20-30%	20%	20-30%	

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2019 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna EL10	631.838.000
Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna EV10	349.643.000
	981.481.000

9. Viðskiptakröfur greinast þannig:

Erlendir viðskiptamenn	21.263.765
Innlendir viðskiptamenn	113.529.777
Afskriftarreikningur viðskiptakrafna	(9.256.533)
	125.537.009

10. Eigið fé:

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. Kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í byrjun árs	150.000.000	4.948.160	916.793	92.006.847	247.871.800
Leiðrétting v. fyrri ára				916.961	916.961
Hagnaður ársins				14.121.670	14.121.670
Tillag í varasjóð			1.412.167 (	1.412.167)	0
Eigið fé í lok tímabils	150.000.000	4.948.160	2.328.960	105.633.311	262.910.431

Skýringar, frh.:

11. Tekjuskattsinneign (skuldbinding) félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.217.730
Reiknaður tekjuskattur ársins	(3.534.793)
Tekjuskattur til greiðslu	2.714.976
Tekjuskattsinneign í lok árs	1.397.914

Tekjuskattsinneign (skuldbinding) félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir	4.269.936
Viðskiptakröfur	(2.961.674)
Dreifing gengismunar skv. skattalögum	89.652
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0
Tekjuskattsinneign í lok árs	1.397.914

12. Fyrirfram innheimtar tekjur:

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af styrkjum vegna verkefna, sem eru greiddir fyrirfram sem tekjufærast síðar miðað við framgang verkefnanna.

13. Vörslusjóðir verkefna:

Vörslusjóðir verkefna eru erlendir og innlendir styrkir, sem Matís heldur utan um og eru geymdir á bankareikningum og eru ekki hluti af handbæru fé. Þeim er úthlutað eftir því sem áföngum er náð í verkefnum, sem styrkirnir voru veittir til.

14. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallin orlofsskuldbinding	108.244.977
Afdregin staðgreiðsla vegna starfsmanna og ógreitt tryggingagjald	22.968.743
Lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsgjöld vegna starfsmanna	18.629.420
Virðisaukaskattur	20.884.352
Ýmsar aðrar skuldir	2.714.977
	173.442.469

15. Helstu kennitölur félagsins

	2019	2018
Veltufjárlutfall	1,16	1,11
Eiginfjárlutfall	28%	32%
Arðsemi eigin fjár	5,5%	-13,7%